

SKÁTARÞING 2022

Bifröst



Föstudaginn 1. til sunnudagsins 3. apríl

Þingforseti: Guðmundur Finnbogason

Fundarritarar: Elín Esther Magnúsdóttir og Erika Eik Bjarkadóttir

Efnisyfirlit

1. Setning	3
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara	3
3. Ávörp	3
4. Afhending skipunarbréfa	4
5. Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd	4
6. Kynningar	4
7. Úthlutun úr styrktarsjóði skáta	5
8. Niðurstaða kjörnefndar	6
9. Dagskrá Skátapings	7
10. Kosningar í embætti	7
11. Afhending heiðursmerkja	9
12. Skýrsla stjórnar BÍS	10
13. Starfsáætlun stjórnar BÍS	11
Kosið um starfsáætlun stjórnar BÍS:	12
14. Ársreikningar BÍS	12
Kosið um ársreikningar BÍS:	12
15. Tillaga að árgjaldi til BÍS 2022-2023	12
16. Fjárhagsáætlun BÍS 2022-2023	13
17. Lagabreytingatillögur	13
Lagabreytingartillaga – 2. grein	13
Lagabreytingartillaga – 9. og 20. grein Flutningsaðili: Stjórn BÍS	14
Lagabreytingartillaga – 10. grein Flutningsaðili: Stjórn BÍS	14

Lagabreytingartillaga – 14. grein Flutningsaðili: Stjórn BÍŚ	14
Lagabreytingartillaga – 19. grein Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir	14
Breytingartillaga á lagabreytingartillögu - 19. grein og 16. grein Flutningsaðili: Stjórn BÍŚ	15
Lagabreytingartillaga – 20. grein A Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir	15
Lagabreytingartillaga 2 – 20. grein B Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir	16
Lagabreytingartillaga – 22. grein Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir	17
Breytingartillaga á lagabreytingartillögu – 22. grein Flutningsaðili: Stjórn BÍŚ	17
18. Jafnréttisstefnan	17
19. Önnur mál	18
20. Stjórnarskipti	19
21. Aðalfundarstörfum lýkur	19

1. Setning

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, setti þingið. Hún byrjaði á að bjóða alla velkomna á Skátapiing og færði þinginu kveðju frá Mörtu Magnúsdóttur skátahöfðingja sem var fjarverandi.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var upp á Guðmundi Finnbogasyni sem fundarstjóra og Elínu Esther Magnúsdóttur og Eriku Eik Bjarkadóttur sem fundarriturum.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Guðmundur, fundarstjóri, flutti ávarp þar sem hann bauð alla velkomna og las upp stutta kafla úr ávarpi Björgvins Magnússonar, sem lesið var upp í útför hans fyrr í vetur.

3. Ávörp

Tómas Ingi Torfason, formaður Æskulýðsvettvangsins, ávarpaði þingið. Hann þakkaði fyrir tækifærið að fá að koma sem gestur á þingið, rifjaði upp sögu Æskulýðsvettvangsins og hvernig hann varð til eftir umræður um öryggi barna og unglinga í félagsstarfi. Skátahreyingin, KFUM/K og UMFÍ stóðu að stofnun Æskulýðsvettvangsins eftir að fræðsluefnið Verndum þau var gefið út af sömu aðilum í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Slysavarnafélagið Landsbjörg bættist síðar í hópinn. Tómas sagði aðildarfélögin ólík en að styrkleikar þeirra lyftu hverju öðru upp. Áfram verði þörf fyrir Æskulýðsvettvanginn þar sem tímarnir breytist og samskipti og félagamenning með. Tómas fagnaði tillögu sem liggur fyrir þinginu um að staðfesta siðareglur Æskulýðsvettvangsins sem siðareglur BÍS og þakkaði fyrir viðurkenninguna sem í því felst á starfi Æskulýðsvettvangsins.

Loks færði Tómas þinginu kveðjur frá framkvæmdastjóra UMFÍ, forystu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og formanni KFUM/K og þakkaði fyrir framgöngu Skátahreyingarinnar í starfi Æskulýðsvettvangsins.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, ávarpaði þingið með myndbandskveðju og ræddi hlutverk skátahreyingarinnar í íslensku samfélagi og uppeldishlutverk skátahreyingarinnar.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, ávarpaði þingið og minntist féлага í hreyfingunni sem létust á árinu. Árni Guðjónsson - Skátafélag Borgarness, Hermann Bridde - Skátafélagið Landnemar, Osvald Kratsch - Skátafélagi Reykjavíkur, Yngvinn Gunnlaugsson - Skátafélagið Garðbúar, Sævar Örn Kristbjörnsson - Skátafélag Reykjavíkur Landnemadeild, Björgvin Friðgeir Magnússon.DCC - Skátafélagið Skjöldungar.

Þinggestir risu úr sætum. Stutt þögn til að minnast fallinna féлага. Védís Helgadóttir og Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir spiluðu kvöldsöng dróttskáta á klarinett og fiðlu.

4. Afhending skipunarbréfa

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, afhenti 11 félagsforingjum skipunarbréf. Nokkrir þeirra félagsforingja hafa gegnt embætti sínu í 1 eða 2 ár en ekki hafði færi gefist fyrir en nú að afhenda þeim skipunarbréf sökum Covid. Þau sem fengu afhent skipunarbréf voru:

Anna Gígja Kristjánsdóttir, félagsforingi Garðbúa
Halldór Valberg, félagsforingi Svana
Fanný Björk Ástráðsdóttir, félagsforingi Vogabúa
Haukur Friðriksson, félagsforingi Ægisbúa
Kjartan Bragi Ágústsson, félagsforingi Árbúa
Sandra Óskarsdóttir, félagsforingi Heiðarbúa
Þórdís Hrönn Halldórsdóttir, félagsforingi Klakks
Heiða Hrönn Másdóttir, félagsforingi Kópa
Hulda María Valgeirsdóttir, félagsforingi Landnema
Guðjón Hafsteinn Kristinsson, félagsforingi Seguls
Óskar Þór Þráinsson, félagsforingi Skjöldunga

5. Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd

Huldar Hlynsson, Vífli, kom í pontu fyrir hönd stjórnar BÍS. Stjórn lagði til að eftirfarandi skipi kjörnefnd:

Védís Helgadóttir, Skátafélagið Landnema
Aron Gauti Sigurðsson, Skátafélagið Skjöldungar
Elín Sigríður Ármannsdóttir, Skátafélagið Vogabúar

Stjórn BÍS lagði til að eftirfarandi skipi allsherjarnefnd:

Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir – Skátafélagið Skjöldungar
Jón Andri Helgason – SSR
Hulda María Valgeirsdóttir – Skátafélagið Landnema
Dagbjört Brynjarsdóttir (Dagga) – Skátafélagið Mosverjar
Fanný Björk Ástráðsdóttir – Skátafélagið Vogabúar

Samþykkt samhljóða. Kjörnefnd hóf störf.

6. Kynningar

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, sagði frá starfsgrunni BÍS sem dagskráráð, starfsráð, fræðsluráð, stjórn BÍS og sveitarforingjar hafa komið að því að vinna og gera skýrari svo foreldrar og aðrir geti með einföldum hætti skilið út á hvað starfsgrunnur hreyfingarinnar gengur en einnig til stuðnings við þá sem leiða skátastarf.

Starfsgrunnurinn er aldursskiptur: Hrefnuskátar (sem er nýtt aldursbil, 5-7 ára og rökrétt framhald af/þróun á fjölskylduskátun), Drekkaskátar, Fálkaskátar, Dróttaskátar, Rekkaskátar og Róverskátar. Tvö hugtök kynnt sem eiga að vera leiðarljós í skátastarfi: Viðfangsefni eiga að vera ÆSKA = ævintýraleg, skemmtileg, krefjandi, aðgengileg. Undirbúningur, framkvæmd, endurmat er nú orðið PGM = plana, gera, meta. Von er á frekari upplýsingum til skátafélaganna á komandi hausti.

Helga Þórey Júlíudóttir, nýr framkvæmdastjóri BÍS, sagði frá þjónandi Skátamiðstöð. Hún sagði að Skátamiðstöðin ætli að leggja mikla áherslu á að brúa bilið milli BÍS og grasrótanna. Hún kynnti BÍS og dótturfélög, einfaldað skipurit BÍS, þrjá framkvæmdastjóra BÍS, þrjá erindreka BÍS, fræðslu- og þjálfunarleiðtoga BÍS, bóka og upplýsinga- og kynningarmálastarfsmann. Helga Þórey bauð þinggesti velkomna í Skátamiðstöðina og bauð félögum aðstoð starfsfólksins við að framfylgja stefnu BÍS.

Katrín Kemp Stefánsdóttir, verkefnastýra fræðslumála hjá BÍS, sagði frá Skátaskólanum. Katrín rifjaði upp hvað segir í stefnu BÍS 2020-2025 um leiðtogabjálfun. Nú sé unnið að því að koma á stöðugleika og formfestu í bjálfunarmálum hreyfingarinnar. Katrín kynnti hvernig leiðtogabjálfun skátanna er skipt í persónulegar framfarir og foringjabjálfun. Í fyrra tilfellinu er byggt á námskeiðum sem hétu Skátapepp, en heita nú FálkaKraftur, DróttKraftur og RekkKraftur og eru aðlöguð að hverju aldursbili. Fyrsta RekkKraftsnámskeiðið verður haldið á Úlfjótssvatni 27.-29. maí nk. Gilwell verður framvegis fyrir 20 ára og eldri (þrjú helgarnámskeið) en krafa er gerð um að þátttakendur hafi lokið námskeiði sem heitir Rammagerðin.

Katrín kynnti einnig nýjungar í foringjabjálfun. Í boði verða námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja, sveitarforingja og stjórnarfólk. Ætlast er til þess að allir nýir foringjar sæki viðeigandi námskeið. Loks sagði Katrín frá Leiðbeinendasveitinni sem er undirbúnings- og framkvæmdaraðili námskeiðanna og óskaði eftir fleiri þátttakendum í hana.

Javier Paniagua Petisco (Pani), framkvæmdastjóri Úlfjótssvatns, sagði frá vinnu við að skilgreina tilgang Úlfjótssvatns, finna leiðir til að uppfylla tilganginn, innleiða þær leiðir og koma á stöðugleika í starfinu til að tryggja velgengi Úlfjótssvatns í framtíðinni. Pani kallaði eftir innleggum frá þinggestum og öðrum í hreyfingunni við að skilgreina tilgang Úlfjótssvatns og sagði frá stefnumótunarvinnu stjórnar Úlfjótssvatns undanfarna mánuði. Hann ítrekaði mikilvægi sjálfbærleika fyrir Úlfjótssvatn og að sérstaða Úlfjótssvatns felist í skátum og skátastarfi sem þar er stundað.

7. Úthlutun úr styrktarsjóði skáta

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, sagði frá Styrktarsjóði skáta og hvatti alla til að nýta sér hann.

Á árinu var veittur styrkur til að kosta streymi frá útför Björgvins Magnússonar.

Á þinginu var tilkynnt um eftirfarandi samþykktu styrki:

Tryggvi Bragason, Ægisbúum, fór þess á leit að sjóðurinn styrkti Skátabandalag Úkraínu, Unicef í Úkraínu og Rauða kross Úkraínu. Sjóðurinn samþykkti 700.000 kr. styrk.

Kynningarcarnival hófst þar sem þingheimur gat gengið á milli og kynnt sér betur það sem verið var að kynna í pontu, aldursbilamótin og fleiri skemmtileg verkefni á vegum BÍS og skátafélaga.

8. Niðurstaða kjörnefndar

Védís Helgadóttir, Landnemun, kynnir störf og niðurstöður kjörnefndar.

A) Réttmæti þingfulltrúa

Samþykkt að leyfa 6 þingfulltrúum frá 5 skátafélögum að sitja Skátaþing með tilheyrandi réttindum þrátt fyrir að skráning hafi borist eftir tilsettan skráningartíma samkvæmt lögum.

B) Atkvæðafjöldi á þinginu, dreifing atkvæða og aldurskipting

Eftirfarandi félög taka ekki þátt í Skátaþingi þetta árið:

Skátafélag Akranes – A aðild
Skátafélag Borgarness – A aðild
Skátafélagið Eilífsbúar – A aðild
Skátafélagið Einherjar/Valkyrjan – A aðild
Skátafélagið Faxi – A aðild
Skátafélagið Hafnir – A aðild
Skátafélagið Örninn – A aðild
Skátafélagið Stígandi – A aðild
Skátafélagið Strókur – A aðild
Skátafélagið Sólheimar – B aðild

Ákveðið að 9 skátafélög með A félagsaðild og 1 skátafélag með B félagsaðild fái atkvæði þrátt fyrir sein skil á þeim forsendum að þau skiluðu öllu fyrir þing.

Þau félög voru:

Skátafélagið Hraunbúar
Skátafélagið Kópar
Skátafélagið Klakkur
Skátafélagið Segull
Skátafélagið Vífill
Skátafélagið Ægisbúar
Skátafélagið Garðbúar
Skátafélagið Árbúar
Skátafélagið Svanir
Radíóskátar

6 skátafélög með A félagsaðild skiluðu öllum gögnum fyrir 1. mars:

Skátafélagið Landnemar
Skátafélagið Mosverjar
Skátafélagið Heiðarbúar
Skátafélagið Skjöldungar
Skátafélagið Vogabúar
Skátafélagið Fossbúar

Því eru 60 atkvæði í salnum sem skiptast svo:

Skátafélagið Árbúar – 4 atkvæði
Skátafélagið Fossbúar – 4 atkvæði
Skátafélagið Garðbúar – 4 atkvæði
Skátafélagið Heiðarbúar – 4 atkvæði
Skátafélagið Hraunbúar – 4 atkvæði
Skátafélagið Klakkur – 4 atkvæði
Skátafélagið Kópar – 4 atkvæði
Skátafélagið Landnemar – 4 atkvæði
Skátafélagið Mosverjar – 4 atkvæði
Skátafélagið Segull – 4 atkvæði
Skátafélagið Skjöldungar – 4 atkvæði
Skátafélagið Svanir – 4 atkvæði
Skátafélagið Vífill – 4 atkvæði
Skátafélagið Ægisbúar – 4 atkvæði
Skátafélagið Vogabúar – 3 atkvæði
Radíóskátar – 1 atkvæði

27 kjörmenn af 60 eru 16-25 ára svo 45% slétt eru í hendi ungmenna.

9. Dagskrá Skátaþings

Fundarstjóri kynnti dagskrá Skátaþings 2022. Dagskráin var samþykkt einhljóða.

10. Kosningar í embætti

Katrín Kemp Stefánsdóttir, verkefnastýra fræðslumála, kynnti kosningakerfið Nemo Vote.

Áður en kosið var í embætti var kosið um tillögu stjórnar um að fjölga sætum í fastaráðum, þar sem niðurstaða kosningar hefði áhrif á hversu mörg sæti yrði kosið um.

Tillaga um fjölgun sæta í fastaráðum. Þórhallur Helgason kynnir fyrir hönd stjórnar BÍS, Sigurður Viktor Úlfarsson kynnir fyrir hönd uppstillinganefndar.

59 af 60 greiddu atkvæði.

Kosning: Já: 54, Nei: 2, Sátu hjá: 3

Tillagan var samþykkt. Því var sjálfkjörið í öll embætti.

Sigurður Viktor Úlfarsson, formaður uppstillingarnefndar sagði frá störfum uppstillinganefndar og kynnti frambjóðendur í ráð og nefndir.

Frambjóðendur sem eru nýir í stjórn, eða taka við nýjum hlutverkum innan stjórnar, kynntu sig:

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Ægisbúum, í embætti skátahöfðingja
Guðrún Stefánsdóttir, Hraunbúum, í embætti meðstjórnanda
Unnur Líf Kvaran, Skjöldungum og Fossbúum, í embætti meðstjórnanda

Daði Þrastarson, Garðbúum, var kosinn af ungmennanþingi sem áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS.

Eftirfarandi hlutu kosningu í embætti:

Skátahöfðingi til tveggja ára

Harpa Ósk Valgeirsdóttir – Skátafélaginu Ægisbúum

Gjaldkeri til tveggja ára

Sævar Skaptason – Skátafélaginu Kópum

Fimm meðstjórnendur til tveggja ára

Guðrún Stefánsdóttir – Skátafélaginu Hraunbúum

Huldar Hlynsson – Skátafélaginu Vífli

Jón Halldór Jónasson – Skátafélaginu Kópum

Unnur Líf Kvaran – Skátafélaginu Skjöldungum & Fossbúum

Pórhallur Helgason – Skátafélaginu Segli

Þrjú meðlimir í alþjóðaráð til tveggja ára

Agnes Lóa Gunnarsdóttir – Skátafélaginu Segli

Daði Björnsson – Skátafélaginu Skjöldungum

Daði Már Gunnarsson – Skátafélaginu Árbúum

Þrjú meðlimir í starfsráð til tveggja ára

Jóhanna Björg Másdóttir – Skátafélaginu Kópum

Sigurður Viktor Úlfarsson – Skátafélaginu Landnemum

Védís Helgadóttir – Skátafélaginu Landnemum

Þrjú meðlimir í stjórn Skátaskólans til tveggja ára

Björk Norðdahl – Skátafélaginu Kópum

Dagbjört Brynjarsdóttir – Skátafélaginu Mosverjum

Ísak Árni Eiríksson Hjartar – Skátafélaginu Mosverjum

Kristín Hrönn Þráinsdóttir – Skátafélaginu Kópum

Þrjú meðlimir í útilífsráði til tveggja ára

Hjálmar Snorri Jónsson – Skátafélaginu Kópum

Jakob Frímann Þorsteinsson – Skátafélaginu Garðbúum

Sif Pétursdóttir – Skátafélaginu Skjöldungum

Ævar Aðalsteinsson – Skátafélaginu Mosverjum

Fimm meðlimir í uppstillingarnefnd

Berglind Lilja Björnsdóttir – Skátafélaginu Segli

Hafdís Bára Kristmundsdóttir – Skátafélaginu Vífli

Jón Ingvar Bragason – Skátafélaginu Kópum

Reynir Tómas Reynisson – Skátafélaginu Garðbúum

Sædís Ósk Helgadóttir – Skátafélaginu Garðbúum

Þrjú félagslegir skoðunarmenn til tveggja ára

Guðmundur Þór Pétursson – Skátafélaginu Skjöldungum

Jón Þór Gunnarsson – Skátafélaginu Hraunbúum
Kristín Birna Angantýrsdóttir – Skátafélaginu Kópum

Löggiltur endurskoðandi

Endurskoðun fer fram hjá PWC

11. Afhending heiðursmerkja

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Björk Norðdahl og Sævar Skaptason veita nokkrum skátum heiðursmerki.

Kristinn Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri BÍS, fékk afhenda skátakveðjuna úr bronsi.

Sævar Skaptason flutti ávarp um störf Kristins. Hann er tekinn við hlutverki framkvæmdastjóra Grænna skáta, mikilvægu hlutverki fyrir framgang hreyfingarinnar.

Kristinn þakkaði fyrir sig og fór yfir síðustu misseri í starfi framkvæmdastjóra BÍS sem hafa verið mjög krefjandi vegna Covid. Í dag vinna 35 einstaklingar hjá Grænum skátum, og starf þeirra skilar hreyfingunni miklum tekjum. Kristinn hvatti skátafélög til að nýta þessa leið til fjáraflana í samstarfi við Græna skáta.

Eftirfarandi voru einnig sæmdir heiðurs- og þjónustumerkjum BÍS:

Mótsstjórar skátamótanna 2021 fengu þjónustumerki í silfri.

Auður Eygló Andrésdóttir, þjónustumerki silfur
Hafdís Jóna Sigurjónsdóttir, þjónustumerki silfur
Sædís Ósk Helgadóttir, þjónustumerki silfur
Agnes Lóa Gunnarsdóttir, þjónustumerki silfur
Dóra Magnea Hermannsdóttir, þjónustumerki silfur
Egle Sipaviciute, þjónustumerki silfur
Huldar Hlynsson, þjónustumerki silfur
Steinar Logi Sigurðarson, þjónustumerki silfur
Daníel Kárason, þjónustumerki silfur
Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, þjónustumerki silfur
Hrafnkell Úlfur Ragnarsson, þjónustumerki silfur
Rafnar Friðriksson, þjónustumerki silfur
Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir, þjónustumerki silfur

Sjálfbóðaliðar á Úlfljótsvatn

Hulda María Valgeirsdóttir, þjónustumerki silfur
Rita Maria Almeida Osório, þjónustumerki silfur
Matthew Dineen, þjónustumerki silfur
Tero Martin, þjónustumerki silfur
Heiðar Smári Þorvaldsson, þjónustumerki silfur

Fráfarandi félagsforingjar

Arnór Bjarki Svarfdal, Svanir, Þórshamar brons
Haukur Hilmarsson, Heiðarbúum, Þórshamar brons
Helga Rós Einarsdóttir, Ægisbúar, Þórshamar silfur
Helgi Jónsson, Garðbúar, Þórshamar gull
Hreiðar Oddsson, Kópum, Þórshamar silfur
Jóhann Malmquist Gunnarsson, Klakki, Þórshamar brons
Þórhallur Helgason, Segli, Þórshamar silfur
Þröstur Ríkhartsson, Árbúar, Þórshamar silfur
Tryggvi Bragason, Ægisbúar, Þórshamar brons

Fráfarandi úr stjórn

Dagmar Ýr Ólafsdóttir, skátakveðjan brons
Marta Magnúsdóttir, skátakveðjan gull og Silfurúlfurinn
Björk Norðdahl, Þórshamar gull

Fyrir önnur störf

Sigurður Viktor Úlfarsson, Þórshamar gull
Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir fráfarandi IC, Þórshamar brons
Jakob Guðnason fráfarandi frkv.stjóri ÚSÚ, Þórshamar silfur
Anna Gunnhildur Sverrisdóttir, skátakveðjan gull

Skátapíngi frestað til laugardags.

12. Skýrsla stjórnar BÍS

Harpa Ósk Valgeirsdóttir kynnti skýrslu stjórnar fyrir 2021. Heimsfaraldur hefur haft áhrif á viðburðahald, fjármagnsstreymi, mannahald og annað. Starfsfólki Skátamiðstöðvarinnar þakkað fyrir störf við að taka ársskýrslu saman. Sömmuleiðis var fráfarandi starfsfólki og meðlimum ráða þakkað fyrir þeirra störf.

Ungmennaráð hélt Ungmennapíng og samþykkti 18 þingsályktunartillögur. Áður voru slíkar tillögur bornar undir Skátapíng en stjórn ákvað að taka þær beint til afgreiðslu á þeim forsendum að ákvarðanir Ungmennapíngs og Skátapíngs séu jafn rétt háar.

Í samhengi við breytingar á rekstrarformi BÍS hafa orðið breytingar á starfsfólki, þar á meðal framkvæmdastjórnarskipti en einnig hafa orðið miklar breytingar í starfsmannahópi Skátamiðstöðvarinnar.

Fjölgun hefur orðið í flestum aldurshópum skáta í skátastarfi á milli ára. Dróttskátum hefur fækkað. Þetta mun vera vandamál í mörgum Evrópulöndum og þekkt að aldurshópurinn er viðkvæmur fyrir brottfalli. Einnig hefur fækkað í elsta aldurshópnum en líklega má rekja það til heimsfaraldurs og vonandi fjölgar aftur í þeim hópi. Heildarfjölgun starfandi skáta milli ára eru 100, þar af fjölgar um 160 ungmenni.

Forsetamerkisafhending var haldin á árinu. 16 rekkaskátar fengu merkið afhent á Bessastöðum.

Aðlaga þurfti viðburðahald á árinu vegna heimsfaraldurs og tilheyrandi samkomutakmarkana. Stærsta breytingin var þegar Landsmóti skáta var breytt í minni mót, Skátasumarið, sem heppnuðust mjög vel. Kröftugur hópur skáta stóð að undirbúningi og framkvæmd mótanna.

Heimsfaraldurinn hefur líka haft áhrif á alþjóðastarf en BÍS hefur þó til dæmis verið í góðum samskiptum við skátabandalög á Norðurlöndunum, meðal annars vegna vinnu við verkefnagrunn. Í haust verður aðalfundur NSK (Nordisk Speiderkomité) haldinn hér á landi.

Hafin var vinna við að endurskipuleggja leiðtogaþjálfun hreyfingarinnar.

Starfsráð hefur meðal annars verið að vinna í endurskoðun skátabúningsins.

Þrjú starfshópar voru starfræktir:

- Þróunarverkefni um fjölgun skátaforingja
- Vinnuhópur um aukna samfélagsþátttöku skáta
- Vinnuhópur um aukið útlíf skáta

Verið er að skoða möguleika á að færa Skátamiðstöðina úr Hraunbæ en engin ákvörðun liggur fyrir á þessum tímapunkti.

Enginn óskaði eftir umræðum um skýrslu stjórnar.

13. Starfsáætlun stjórnar BÍS

Harpa Ósk Valgeirsdóttir kynnti starfsáætlun stjórnar BÍS fyrir 2021-2025. Áætlunin er aðallega viðburðartengd. Lítið hefur breyst frá því áætlunin var kynnt á síðasta þingi en meiri áhersla hefur þó verið lögð á aldurstengda viðburði. Dreka-, fálla- og dróttskátadagar eru enn á dagskrá. Einnig viðburðir í tengslum við Rekka- og róvernetið.

Stærsta málið í starfsáætluninni er áætlað Landsmót skáta 2024. Það verður á Úlfljótuvatni af fjárhagsástæðum en stefnt er á aldurstengd mót á Hömrum og að næsta Landsmót verði þar. Útlit er fyrir að Alheimsmót skáta, sem átti að verða 2023, verði frestað um eitt ár. Verði það að veruleika verður Landsmóti flýtt um eitt ár, til 2023.

Vegna óvissu tengdri alheimsfaraldri á enn eftir að dagsetja marga viðburði.

Opnað fyrir umræður um starfsáætlun.

Jón Andri Helgason, SSR, spyr um 2. nóvember en þá verður 110 ára afmæli stofnunar Skátafélags Reykjavíkur. Er eitthvað á döfinni hjá BÍS til að halda upp á þann dag?

Harpa segir að það hafi verið rætt innan stjórnar BÍS og leggur til að haldið verði upp á afmælið í samvinnu við SSR. Einnig sé 110 ára afmæli kvenskátastarfs í heiminum í ár.

Bjarki Geir Benediktsson, Klakki, spyr annars vegar um hvort að samkvæmt starfsáætlun standi til að halda Skátasumarið annað hvert ár og vill nánari útlistun á því. Hins vegar hvort boðlegt sé að stjórn BÍS taki fram fyrir hendur á samþykkt Skátaþings að halda næsta Landsmót fyrir norðan.

Harpa svarar því til að stjórn BÍS sjái fyrir sér að skátamiðstöðvarnar haldi Skátasumarið. Hvað varðar flutning á Landsmóti var tillaga um þá breytingu samþykkt á síðasta þingi.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum, lýsir yfir vonbrigðum með yfirlýsingu stjórnar um að hugað verði að viðburðum fyrir öll aldersbil á meðan ekki sé að finna viðburð fyrir róverskáta á vegum BÍS í starfsáætlun.

Harpa segir að viðburðirnir séu á dagskrá í mars og október en séu ekki komnir inn í áætlun.

Kosið um starfsáætlun stjórnar BÍS:

56 af 60 greiddu atkvæði

Já: 49, Nei: 5, Sátu hjá: 2

Starfsáætlun var samþykkt og afgreidd.

14. Ársreikningar BÍS

Sævar Skaptason, gjaldkeri BÍS, kynnti ársreikninga BÍS. Sævar þakkar Hildu Ösp Stefánsdóttur bókara fyrir sitt starf. Á árinu var samstarfi við fyrrverandi fjármálastjóra slitið og staðan í kjölfarið erfið. Anna Gunnhildur Sverrisdóttir, ásamt fráfaraðandi og nýjum framkvæmdastjóra unnu mikið og gott starf.

BÍS er í ábyrgð fyrir tveimur lánum, vegna Úlfljótsvatns og Grænna skáta. Brýnt er að finna leiðir til að létta á láninu á Úlfljótsvatni þar sem það er mjög íþyngjandi fyrir reksturinn. Lánið fyrir Græna skáta er vegna húsnæðis sem stendur vel undir láninu. Engu að síður þarf að leita leiða til að lækka lánið til að minnka kostnað af því.

Grænir skátar eru gríðarlega mikilvægt verkfæri og hafa verið í mikilli uppbyggingu og eru farnir að skila til baka til hreyfingarinnar. Uppistaðan í rekstri Skátabúðarinnar er sala á jólatrám og er í vexti. Á Úlfljótsvatni hefur verið mikið álag og mikill brestur í rekstrinum vegna heimsfaraldurs. Nýr framkvæmdastjóri hefur mikil plön um reksturinn þar. Starfsemi Skátamóta verður sett í bið en frá 2017 hefur Skátamót fjármagnað erindrekstur fyrir BÍS.

Endurskoðendur gefa ársreikningnum góða einkunn sem er mikilvægt fyrir reksturinn því hann þarf að vera hafinn yfir allan vafa.

Sævar Skaptason hvatti þinggesti til að skoða ársreikninginn vel og að hika ekki við að ræða málin ef þeir hafa einhverjar spurningar eða athugasemdir.

Egle Sipavícute, Garðbúum, spyr hvers vegna minna fór í félagsmál skv. ársreikningi en áætlað var. Sævar svarar því til að minna starf vegna heimsfaraldurs, bæði í félögunum og Skátamiðstöðinni, skýri það.

Kosið um ársreikningar BÍS:

57 af 59 greiddu atkvæði

Já: 53, Nei: 2, Sátu hjá: 2

Ársreikningur var samþykktur og afgreiddur.

15. Tillaga að árgjaldi til BÍS 2022-2023

Sævar Skaptason, gjaldkeri BÍS, kynnti tillögu um að árgjald skátafélaganna til BÍS hækki um 20 krónur fyrir starfsárið 2022-2023, úr 580 kr. á hvern starfandi skáta í 600 kr.

Enginn óskaði eftir umræðum um árgjaldið.

Kosið um tillögu að árgjaldi til BÍS:

57 af 59 greiddu atkvæði

Já: 48, Nei: 3, Sátu hjá: 6

Tillagan var samþykkt.

16. Fjárhagsáætlun BÍS 2022-2023

Sævar Skaptason, gjaldkeri BÍS, kynnti fjárhagsáætlun BÍS. Hann tók fram að það væri alltaf ákveðinn fyrirvari á fjárhagsáætlun en áætlunin ber merki um breyttar áherslur Skátamiðstöðvarinnar á þjónustu við skátafélögin. Félagin eru hvött til að nýta þá þjónustu og stjórn er meðvituð um að þeim breytingum þurfi að fylgja fjármagn. Útlit í rekstri dótturfélaganna er gott og tilefni til bjartsýni til framtíðar. Fjáraflanir á borð við styrktarpinna skáta eiga talsvert inni, jafnvel í líkingu við sölu Slysavarnafélagsins Landsbjargar á neyðarkallinum.

Sgurður Viktor Úlfarsson, Landnemun, spyr út í aukningu á tekjum í flokki þjónustu- og markaðsverkefna milli ára.

Tekjur frá dótturfélögum í tengslum við þjónustusamninga skýra aukningu á tekjum. Áður var um niðurgreiðslu á launum að ræða.

Egle Sipavícute í Garðbúum spyr hvort verkefni um launaða skátaforingja heyri undir fjárhagsáætlun BÍS eða undir fjárhagsáætlun félaganna.

Jón Halldór Jónasson, meðstjórnandi í stjórn BÍS, svarar því að það sé ekki komið inn í fjárhagsáætlun þar sem eftir sé að forma samstarfið við skátafélög um þetta verkefni. Ef á þarf að halda verður fjárhagsáætlun endurskoðuð að því tilefni.

Helga Þórey Júlíudóttir, framkvæmdastjóri BÍS, rifjar upp hvernig Anna Gunnhildur Sverrisdóttir var henni stoð og stytta í fjármálavinnu þegar hún tók við starfi sínu í september sl. Anna Gunnhildur fær afhenda skátakveðjuna úr gulli fyrir störf sín í þágu hreyfingarinnar.

Sævar Skaptason segir frá vinnu við deiliskipulagsvinnu á vegum Úlfljótsvatns SF sem miðar að því að selja 40 sumarhúsalóðir á sameiginlegu landi skáta og Skógræktarfélags Íslands á Úlfljótsvatni með tilheyrandi framtíðartekjum. Reksturinn á Úlfljótsvatni mun eftir sem áður snúast um skátastarf en ekki samkeppnisrekstur í ferðapjónustu.

Kosið um fjárhagsáætlun BÍS:

52 af 59 greiddu atkvæði

Já: 50, Nei: 0, Sátu hjá: 2

Fjárhagsáætlun er samþykkt.

17. Lagabreytingatillögur

Lagabreytingartillaga – 2. grein

Flutningsaðili: Stjórn BÍS auk hóps félagsforingja

Þórhallur Helgason, meðstjórnandi, kynnti tillögu um að bæta því í lög að BÍS starfi eftir siðareglum, stefnum og viðbragðsáætlunum Æskulýðsvettvangsins. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Enginn óskaði eftir umræðum.

Kosning um lagabreytingatillögu, 2. grein:

59 af 60 greiddu atkvæði

Já: 58, Nei: 1, Sátu hjá: 0

Tillagan var samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 9. og 20. grein

Flutningsaðili: Stjórn BÍF

Þórhallur Helgason, meðstjórnandi, kynnti tillögu um breytingar á lögum sem snerta stjórnir skátafélaga og félagsþrennuna. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Enginn óskaði eftir umræðum.

Kosning um lagabreytingatillögu, 9. og 20. grein

58 af 60 greiddu atkvæði

Já: 42, Nei: 14, Sátu hjá: 2

Lagabreytingartillaga – 10. grein

Flutningsaðili: Stjórn BÍF

Þórhallur Helgason, meðstjórnandi, kynnti tillögu um breytingu á lögum um skil á gjöldum og gögnum fyrir Skátaþing. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Enginn óskaði eftir umræðum.

Kosning um lagabreytingatillögu, 10. grein

59 af 60 greiddu atkvæði

Já: 56, Nei: 3, Tek ekki afstöðu: 0

Tillagan var samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 14. grein

Flutningsaðili: Stjórn BÍF

Þórhallur Helgason, meðstjórnandi, kynnti tillögu að lagabreytingu um aðkomu fullorðinna að skátastarfi. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Tryggvi Skarphéðinsson, Ægisbúum, spyr hvort verið sé að víkka heimild stjórnar BÍF til að víkja fólki úr hreyfingunni án þess að þau hafi brotið landslög.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir svarar því til að við slíkar aðstæður sé málið fært til meðferðar hjá Æskulýðsvettvangi.

Þórhallur Helgason útskýrir að tilgangurinn sé sá að hægt sé að vísa fólki frá sé það brotlegt þó það sé ekki sakfelld samkvæmt landslögum.

Kosning um lagabreytingatillögu, 14. grein

60 af 60 greiddu atkvæði

Já: 58, Nei: 1, Tek ekki afstöðu: 1

Tillagan var samþykkt.

Lagabreytingartillaga – 19. grein

Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Kópum, kynnti tillögu sína um að skýra hlutverk uppstillingarnefndar gagnvart

ungmennaráði. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#). Þórhildur bendir á, og styður, breytingartillögu sem hefur verið lögð fram af stjórn BÍS.

Breytingartillaga á lagabreytingartillögu - 19. grein og 16. grein

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason, meðstjórnandi, kynnti breytingartillögu stjórnar BÍS á lagabreytingartillögu Þórhildar. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Sigurður Viktor Úlfarsson, fráfaramandi formaður uppstillingarnefndar, talar með tillögunni og segir að hér sé verið að tryggja að regluverk sé til um aðkomu uppstillingarnefndar að ungmennaráði.

Kosning um breytingartillögu á lagabreytingartillögu, 19. grein og 16. grein

56 af 60 greiddu atkvæði

Já: 54, Nei: 1, Tek ekki afstöðu: 1

Tillagan var samþykkt og teljast þá bæði tillaga Þórhildar og breytingartillaga stjórnar BÍS samþykktar.

Lagabreytingartillaga – 20. grein A

Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir kynnti tillögu sína um lagabreytingu til að tryggja aðgengi ungmenna að Skátapingi. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Aníta Ósk Sæmundsdóttir, Heiðarbúum, bendir á að ef þetta verður að lögum yrðu Heiðarbúar alltaf með 3 atkvæði á Skátapingi. Lítil félag á landsbyggðinni skorti skáta á ákveðnu aldursbili þar sem þeir fari annað í framhaldsskóla.

Agnes Lóa Gunnarsdóttir, Segli, spyr hvort lítil félag á landsbyggðinni séu ekki hvort eð er að mæta illa á Skátaping.

Katrín Auðbjörg Aðalsteinsdóttir, Heiðarbúum, segir að félagið sé alltaf með fulla mætingu og vill ekki að atkvæðisréttur þeirra sé heftur vegna þess að ungmennin þeirra sæki nám til Reykjavíkur og fari þá í starf með félögum þar.

Haukur Friðriksson, Ægisbúum, telur að tillagan sé hörð á þeim forsendum að Ægisbúar séu með þokkalegt starf fyrir þann aldurshóp en enginn í aldurshópnum hafi viljað fara á þing.

Þórhildur segist skilja áhyggjur félaganna en segir að félögin hafi þá tækifæri til að efla starf fyrir 16-25 ára hópinn. Næsta lagabreytingartillaga gangi út á afnám aldurslágmarks á atkvæðarétti á Skátapingi og því gætu yngri skátar farið með atkvæði.

Þórhallur Helgason, meðstjórnandi, segist hafa áhyggjur af seinni tillögunni um að afnema aldurslágmark á atkvæðarétti og bendir á að barnasáttmáli kveði á um að börn skuli hafa skoðana- og tillögurétt í samræmi við aldur og þroska. Því væri til dæmis hentugra að miða við dróttskátaaldur.

Jóhann Gunnar Malmquist, Klakki, segir sína ungu skáta kjósa frekar að fara í útilegu eða á skíði en að sitja á þingi. Klakkur hafi fagnað því að áhugasvið þeirra liggi frekar þar en á Skátapingi.

Dagga, Mosverjum, hvetur félögin til að halda lítið virkum ungum skátum í félagatalinu og gefa kost á að þau mæti við og við, til dæmis á Skátaping ef þau vilja.

Andri Snær Gunnarsson, Svanur, tekur undir orð Dögggu og bendir á strætósamgöngur sem lausn á vanda landsbyggðarfélaga.

Þórhildur segir Þórhall fara með rangt mál um barnasáttmálann og segir að öll mál sem eru tekin fyrir á Skátaþingi varði börnin í hreyfingunni og þau eigi því samkvæmt barnasáttmálanum rétt á að taka þátt í ákvarðanatöku. Einnig lýsir hún yfir vonbrigðum með að fólk mæti á þingið ár eftir ár og tali þingið niður.

Bjarki Geir Benediktsson, Klakki, segir fundi sem Skátaþing þurra en að fólk mæti til að tryggja að ákvarðanir sem þar séu teknar séu góðar.

Kosning um lagabreytingatillögu, 20. grein A
60 af 60 greiddu atkvæði
Já: 29, Nei: 29, Sátu hjá: 2

Tillagan var felld.

Lagabreytingartillaga 2 – 20. grein B

Flutningsaðili: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir kynnti tillögu sína um afnám aldurslágmarks fulltrúa með atkvæðisrétt á Skátaþingi. Hægt er að [skoða tillöguna hér](#).

Þórhallur Helgason, meðstjórnandi, segir að þó æskilegt væri að á Skátaþingi sætu skátar á öllum aldri teldi hann þó að fjármálagjörningar þingsins kæmu mögulega í veg fyrir að skátar undir lögaldri geti tekið ákvarðanir um fjármál félags.

Atli Bachman, radíóskátum, segir að 16 ára aldurstakmarkið hafi upphaflega verið tilkomið vegna lögráða aldurs og framhaldsskólaaldurs. Hann hafi sjálfur tekið þátt í að semja það ákvæði.

Arnbjörg Ýr Sigurðardóttir (Abba), Fossbúum, segist vera dróttskáti á sínu fyrsta þingi. Hún segir að sér finnist leiðinlegt að geta ekki tekið beinan þátt í ákvörðunum þingsins. Ef þingið vilji ekki að ungt fólk kjósi á þinginu sé það í lagi en vill engu að síður hvetja til þess að unga fólkið fái rödd.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir segist ekki vilja taka afstöðu um tillöguna, segist dást að Þórhildi fyrir þrautseygju sína. Í nýjum starfsramma sé fjallað um það hvernig hægt sé að byrja snemma á því að gefa ungu fólki rödd með atkvæði sínu.

Þórhildur svarar Þórhalli og segir ófjárráða fólk mega greiða atkvæði um fjármál og að ekki tíðkist innan félaga að hindra aðgang ákveðinna félaga að starfi þeirra. Hún fagnar því að dróttskátar láti í sér heyra á þinginu og hvetur aðra til að hlusta á þeirra rödd í þessu máli.

Svava Dröfn, Árbúum, er dróttskáti og segir unga fólkið vera framtíð skátanna og hvetur þingið til að kjósa með tillögunni.

Sigurður Viktor Úlfarsson, Landnemun, er dróttskátaforingi og segir það tóma tjöru að dróttskátar hafi ekki atkvæðarétt.

Helena Sif Gunnarsdóttir, Skjöldungum, spyr hvernig þingið verði gert barnvænt ef tillagan er samþykkt. Hún eigi sjálf erfitt með að fylgjast með því sem gerist á þinginu.

Úlflur Kvaran, Fossbúum, er dróttskátaforingi. Hann er hlynntur lagabreytingunni og segir að ef hún stenst ekki landslög breyti engu hvort hún sé samþykkt eða ekki. Þess utan sé það í höndum félaganna að ákveða hver fer með atkvæði á þingi. Það séu ekki endilega allir tilbúnir til þess en ef félagið og skátarnir sjálfir telji svo vera ætti það allavega að vera í boði.

Abba, Fossbúum, tekur undir orð Úlfs. Segir líka mikilvægt að þingið verði ungmennavænna og störf þess verði skiljanlegri fyrir ungmenni með athyglisbrest.

Pórhildur segist mikil áhugamanneskja um ungmennalýðræði. Það séu til leiðir til að útskýra flóknar reglugerðir, lagabreytingartillögur og fleira. Til dæmis upplýsingafundur fyrir þing.

Kosning um lagabreytingatillögu, 20. grein B
60 af 60 greiddu atkvæði
Já: 32, Nei: 23, Sátu hjá: 5

Tillagan var felld.

Lagabreytingartillaga – 22. grein

Flutningsaðili: Pórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Pórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir kynnti tillögu sína um breytingu á lögum um auglýsingar fyrir fundi stjórnar BÍS, aðgengi almennra skáta að þeim fundum og trúnaðarbók stjórnar. [Hægt er að skoða tillöguna hér.](#)

Breytingartillaga á lagabreytingartillögu – 22. grein

Flutningsaðili: Stjórn BÍS

Þórhallur Helgason kynnti breytingartillögu stjórnar BÍS á lagabreytingartillögu Pórhildar. Gert er ráð fyrir undanþágu á fyrirvara á stjórnarfundum ef um neyðarfundi er að ræða og að ákvæði um takmörkun á aðgengi að trúnaðarbók sé felld út. [Hægt er að skoða tillöguna hér.](#)

Sigurgeir B. Þórisson, erindreki BÍS, segir að viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins hafi ekki verið uppfærð vegna þess að slíkt verkefni muni heyra undir starf nýs samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, sem mennta- og menningarmálaráðuneyti setti á laggirnar.

Huldar Hlynsson, meðstjórnandi í stjórn BÍS, tók til máls og benti á að stjórn BÍS ætlaði að funda í næstu viku.

Kosning um breytingartillögu á lagabreytingatillögu, 22. grein
59 af 60 greiddu atkvæði
Já: 53, Nei: 1, Sátu hjá: 5

Tillagan var samþykkt og teljast þá bæði tillaga Pórhildar og breytingartillaga stjórnar BÍS samþykktar.

18. Jafnréttisstefnan

Pórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir kynnti drög að jafnréttisstefnu BÍS sem unnin var samkvæmt samþykkt Skátaþings 2021. Málefnið er henni hugleikið og hún fékk fjölda fólks til að lesa yfir og gera athugasemdir við stefnuna þegar hún var í vinnslu. Stefnan er stutt, til að auðvelt sé að fara eftir henni, og sett upp í samræmi við aðrar stefnur BÍS. Eftir umræður og vonandi samþykkt á þinginu fari stefnan til innleiðingar og auglýsingar til stjórnar BÍS.

[Hægt er að skoða drög að jafnréttisstefnunni hér.](#)

Harpa Ósk Valgeirsdóttir þakkar Pórhildi fyrir flotta vinnu og fagnar nýrri jafnréttisstefnu.

Egle Sipavícute, Garðbúum, segir framtakið frábært og hvetur stjórn til að tryggja að allir skátar hafi aðgang að fræðslu og námskeiðum með jafnréttisstefnu í huga.

Jafnréttisstefnan var samþykkt einhljóða með lófaklappi.

19. Önnur mál

Dagbjört Brynjarsdóttir, félagsforingi Mosverja, kynnti nýja fjáröflun Mosverja fyrir eldhúsi í skátaheimilinu. Þrennir tónleikar í Skálanum, skátaheimili Mosverja, í maímánuði. Veggspjöldum dreift á félögin til að taka með heim og hengja upp í sínu skátaheimili.

Dagbjört Brynjarsdóttir, félagsforingi Mosverja, kynnti líka tuskupáskaungann Tind, sem á sjö systkini sem vakta tindana í Mosfellsbæ. 6. nóvember 2020, sem hefði verið afmælisdagur Gunnars heitins Atlasonar, fóru Mosverjar af stað með Tindaáskorun sem gengur út á að ganga á tindana í Mosfellsbæ. 1300 manns, innan og utan skátanna, taka þátt í hópnum á Facebook og áskoruninni. Kortum dreift á félögin til að taka með heim.

Bjarni Freyr Atlason, félagsforingi Hraunbúa, kynnti Vormót Hraunbúa, það 80. í röðinni. Að þessu sinni verður mótið við Hvaleyrarvatn 3.-6. júní. fyrir fálkaskáta og eldri en einnig dagskrá í boði fyrir hrefnu- og drekaskáta. Sérstök dagskrá verður einnig í boði fyrir rekka- og roverskáta. Dagskráin verður með víkingaþema. Sérstök aðstoð verður veitt til lítilla félaga með því að lána þeim útbúnað.

Jóhann Gunnar Malmquist, félagsforingi Klakks, skorar á stjórn BÍS að staðsetja einn erindreka BÍS á Norðurlandi. Fyrir ekki svo löngu síðan voru nokkur skátafélög á Norðurlandi og slíkt geti gerst aftur með stuðningi.

Guðjón Hafsteinn Kristinsson, félagsforingi Seguls, vakti athygli á slæmu ástandi skátaheimilis Seguls í kjölfar veðurtjóns. Segull er því heimilislaus. Hafarnir séu í sömu stöðu. Bæði skátafélögin í Breiðholti, einu fjölmennasta hverfi Reykjavíkur, séu með ótryggt húsnæði.

Jón Halldór Jóhannsson, meðstjórnandi, minnir á vinnustofu um launaða skátaforingja seinna í dag. Verið sé að leita að þremur skátafélögum til að taka þátt í tilraunaverkefni. Þessi möguleiki standi líka til boða fyrir smærri félög og stuðningur í boði. Sum skátafélög eru nú þegar með launaða foringja en þörf sé á að formfesta fyrirkomulagið til að tryggja sem bestan stuðning við það.

Ásgeir Hreiðarsson, útilífsmiðstöðinni Hömrum, kynnti þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Hömrum frá 1990. Rekstrartekjurnar af Hömrum eru nýttar til að byggja upp aðstöðu fyrir skátana á Akureyri. Síðasta sumar voru 79.000 gistinætur á Hömrum. Ásgeir saknar þess að sjá fleiri félög utan af landi á þinginu og bendir á að einn erindreki BÍS ætti að hafa það að markmiði að styðja við stofnun nýrra skátafélaga og að endurvekja félög sem liggja í dvala.

Sigurður Viktor Úlfarsson, dróttskátaforingi í Landnemum, kynnir starf dróttskátasveitar sinnar sem er mjög útilífsmiðað. 10.-12. júní stendur sveitin fyrir dróttskátaferð yfir Fimmvörðuháls. Lagt verður af stað fyrir hádegi á föstudegi. Gist verður í skála Útivistar í 1000 metra hæð á leiðinni. Styrktarsjóður skáta borgar rútna. Pláss er fyrir fleiri í skálanum og rútnunni. Félögum er boðið að senda fleiri þátttakendur í ferðina.

Óskar Þór Þráinsson, félagsforingi Skjöldunga, vill segja við unga fólk sem er á þinginu að það hafi áhrif og að eldri skátarnir á þinginu séu til þess að styðja við þau. Ungu fólk sé það sem skipti máli í hreyfingunni og að hlutverk þeirra sem eru eldri sé að gefa yngra fólkinu tækifæri til að móta starfið eftir eigin höfði. Óskar skorar á félagsforingja og aðra á þinginu að sækja fram og hvetur til meira samstarfs á milli félaga.

Helga Þórey Júlíudóttir, framkvæmdastjóri BÍS, talaði um fjáraflanir. Í boði er til dæmis að selja álfa fyrir SÁÁ. Einnig minntist hún á styrktarverkefni fyrir skáta í Úkraínu sem felst í því að kaupa úkraínska skátaklúta.

20. Stjórnarskipti

Harpa Ósk Valgeirsdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, flytur Tryggva Marínóssyni þakkir fyrir hönd stjórnar BÍS. Hann hefur stýrt uppbyggingu og starfi á Hömrum um árabíl.

Björk Norðdahl hefur setið í stjórn í 5 ár en mun halda áfram að starfa innan Skátaskólans. Henni er afhentur Þórshamarinn úr gulli.

Marta Magnúsdóttir, skátahöfðingi, lætur af störfum. Huldar Hlynsson færir þinginu skilaboð frá Mörtu, sem enda á myndbandi með nýjum skátatexta.

Margrét Tómasdóttir, fyrrverandi skátahöfðingi, stýrir stjórnarskiptum. Hún gerir að umtalsefni þann kraft sem hún skynjar í hreyfingunni. Margrét kynnir Hörpu Ósk Valgeirsdóttur sem tekur formlega við hlutverki skátahöfðingja. Margrét óskar Hörpu velfarnaðar í starfi og segist hafa trú á henni. Harpa endurnýjar skátaheitið, og þinggestir með henni, og Margrét sæmir hana Silfurúlfinum.

21. Aðalfundarstörfum lýkur

Guðmundur Finnbogason fundarstjóri þakkar fyrir sig, þakkar tæknimanni og riturum fyrir. Hann biður Hörpu Ósk Valgeirsdóttur, nýkjörinn skátahöfðingja Íslands, um að taka við fundinum.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir þakkar sjálfboðaliðum fyrir að keyra aðalfundinn. Fundarstjóri og fundarritarar fá afhendar þakkargjafir fyrir störf sín.

Fundi lýkur formlega.